

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

LXI. árgangur.

2. hefti

1980

Þriðjudaginn 26. febrúar 1980.

Nr. 15/1980. Ákærvaldið

gegn

Jóhanni Svavari Ísleifssyni.

Kærumál. Dómssátt úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramirnir Björn Sveinbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Ríkissaksóknari hefur með heimild í 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 8. febrúar 1980, sem barst dóminum sama dag. Krefst hann þess, að hin kærða dómssátt verði úr gildi felld.

Varnaraðilja hefur verið gert kunnugt um kröfu ríkissaksóknara. Frá honum hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Hinn 14. júlí 1975 var varnaraðilja í sakadómi Þingeyjar-sýslu dæmt 10 daga varðhald og svifting ökuleyfis í eitt ár frá 9. desember 1974 að telja fyrir brot gegn 2., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969. Varnaraðili var því saksóttur fyrir ítrekað brot, framið 7. desember 1979, gegn 2., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978, í máli því, sem lyktaði í héraði með hinni kærðu dómssátt. Óheimilt varaðljúkamál-inu með þeim hætti, sbr. 2. tl. 1. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974, 3. mgr. 81. gr. laga nr. 40/1968 og 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Dómssáttina ber því að fella úr gildi samkvæmt 6. mgr. nefndrar 112. gr. laga nr. 74/1974.

D ó m s o r ð:

Hin kærða dómssátt er úr gildi felld.

Dómssátt sakadóms Akureyrar 23. janúar 1980.

Ár 1980, miðvikudaginn 23. janúar, var sakadómur Akureyrar settur í skrifstofu bæjarfógetans á Akureyri og haldinn af Sigurði Eiríkssyni með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið að halda rannsókn vegna kæru um brot á umferðar- og áfengislögum. SV bls. 180.

Dómurinn leggur fram nr. 1 skjalaskrá máls nr. 1/1980.

Í réttinum var mættur kærður: Nafn: Jóhann Svavar Ísleifsson. Stétt og atvinna: sjómaður. Heimili: Vöglum, Hálshreppi, Suður-Pingeyjarsýslu. Fæðingardagur: 11. júní 1954. Fæðingarstaður: Akureyri. Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974.

Kærður játar, að efni kærunnar sé rétt, og kannast við ofangreint brot sitt, sem varðar við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga, sbr. lög 52/1978.

Hann fellst á að greiða kr. 120.000 í sekt til ríkissjóðs til að sleppa við málssókn út af brotinu.

Sektin greiðist fyrir 15. mars 1980, en ella sæti kærði í hennar stað varðhaldi í 10 daga.

Málkostnaður kr. greiðist fyrir 15. mars 1980. Með vísan til 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga er kærði sviptur ökuleyfi í 1 ár frá og með deginum í dag að telja. Kærði getur þess, að hann hafi glatað ökuskírteini sínu.

Brotið hefur ítrekunarverkun á síðari brot, sbr. 71. gr. laga nr. 19/1940.

Dómarinn lét málssókn falla niður.